

HPE-2018-07 Lundabyggð

Umsækjandi er Bjarni Ómar Guðmundsson. Verkefnið felst í því að Markmið verkefnisins er að fá lunda til að setjast að í Hrísey. Miðsumars 2017 var stofnað áhugamannafélag sem setti sér það markmið fá lunda til að setjast að í Hrísey. Til þess að fá lundann til að vilja setjast að þá er stefnt að því að senda uppstoppaðan lunda til Kína, láta taka afsteypu af honum og framleiða um 300 stykki. Gervi lundunum yrði svo komið fyrir á þeim stöðum sem fuglasérfræðingar væru sammála um að væru hentugir fyrir lundabyggð.

Verkefnið hefur verið kynnt umhverfisiráði Hríseyjar og Akureyrabæ. Verkefnið hefur fengið jákvæðar móttökur og samþykki Akureyrabæjar.

Sótt er um styrk til þess að láta gera gervi lundana og flytja þá til Íslands.

Verkefninu var úthlutað 450.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.